

Umsögn um þingsályktunartillögu: mál 211 þingskjal 273 frá Skógræktarfélagi Kópavogs

Skógræktarfélag Kópavogs þakkar fyrir að fá tækifæri til að skila umsögn um þetta mál.

Skógrækt á Íslandi sem atvinnugrein er ung að árum en þrátt fyrir það eru unnin mörg ársverk í þessari atvinnugrein. Félagið telur eðlilegt að tilgreina í tillögunni einnig þau fjölmörgu skógarsvæði sem eru í eigu eða umsjá Skógræktarfélags Íslands og skógræktarféлага víðsvegar um land. Nú þegar eru skógarafurðir unnar og seldar af þessum skógarsvæðum. Mikilvægt er að alþingismenn geri sér grein fyrir því mikla starfi sem félagar í skógræktarfélögum eru að vinna bæði í sjálfböðavinnu og í launuðum störfum við skógrækt. Þá telur félagið mikilvægt að tryggt verði með stuðningi ríkisvaldsins að auka megi tækni við skógarhögg og úrvinnslu skógarafurða hér á landi. Félagið telur einnig nauðsynlegt að tryggja í nýjum lögum rétt og hagsmuni skógræktarféлага til jafns við aðra hagsmunaaðila í þessari atvinnugrein.

F.h. Skógræktarfélags Kópavogs

Bragi Michaelsson

Eiríkur Páll Eiríksson